

vilbergurSiglingaráð

16. fundur

Dags.: 23. maí 2019, kl. 11:00 til 13:00 í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Guðný Hrund Karlsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Örn Pálsson (Landssamband smábátæigenda), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna) og Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna).

Gestir fundar: Magnús D. Baldursson (Samgöngustofa), og umsækjendur um styrki í sjóð hugvitsmanna: Stefán Einarsson áhættu- og efnaverkfræðingur, Ágúst Karlsson verkfræðingur og Ásta Ágústsdóttir laganemi.

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar.
2. Fundargerð 15. fundar Siglingaráðs. (Áþ sendi í tölvupósti)
3. Styrkveitingar: Kynningar á verkefnum
 - a. Heilsa og öryggi sjómanna – geðverndarþættir (glærur sendar með tölvupósti)
 - b. Lýsing á verkefninu SEA SAVER 1-11 (glærur sendar í tölvupósti)
4. HTW 6 gögn frá MDB. (send í tölvupósti)
5. Dagskrárdrög ráðstefnu

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn.

1. Fundargerð 15. Afgreiðslu frestað til næsta fundar
2. Umsækjendur um styrki kynntu verkefni sín
 - a. Stefán Einarsson (framlagt gagn nr. 4). SE kynnti feril sinn og sagði frá hugmynd að þverfaglegu verkefni/rannsókn sem unnið verður undir stjórn Dr. Olafs Chresten Jensen lækni og vísindamanns í samstarfi við íslenska lækna, áhættufræðing og rannsakendur á sviði lýðheilsu. Einnig verður óskað eftir samstarfi fagaðila í öryggismálum sjómanna. Minntist hann á að komið væri á samstarf við Ísfélagið í Vestmannaeyjum og Síldarvinnsluna á Norðfirði og einnig að samstarf væri mögulegt við Lýðheilsustofnun HÍ og Vilhjálm Rafnsson lækni. SE var bent á að tryggja þurfi samþykki Vísindasiðanefndar í verkefnum sem þessum. SE sagðist reiðubúinn að senda viðbótargögn og var hann upplýstur um að minni vinnuhópur innan Siglingaráðs muni fjalla um styrkumsóknina. Sótt var um styrk til Rannís en fékkst. Verði verkefnið að veruleika verður það að hluta fjármagnað með fé úr erlendu svipuðu verkefni sem þegar hefur fengið styrk frá Horizon2020 en samlegð er að milli verkefnanna.
 - b. Styrkir til hugvitsmanna – Ágúst Karlsson og Ásta Ágústsdóttir (framlögð gögn nr. 5 og 6). ÁÁ og ÁK sögðu frá hönnun fjarstýrðs björgunarskeytis sem á að ráða við mjög erfiðar aðstæður á sjó. Viðbragðstími til að koma skeytinu af stað á að vera sem allra skemmstur. Það á að vera ómannað en hægt að senda mann út með því ef þarf. Björgunarskeytið verður um 50 kg að þyngd, um 1,4 m að lengd og 0,35 m að breidd, smíðað úr trefjaplasi og knúið með rafmagni á Lithium rafgeymum sem á að duga skeytinu í 45-60 mínútur en það á að geta gengið á 7-8 sml. hraða. (IV fór af fundi)

Verkefnið hefur verið kynnt HR og standa vonir til að nemendahópur í skólanum komi að því í samstarfi við hönnuðinn. Fram kom að einnig hafi verið sótt um styrk í Fræið hjá Rannís en svar ekki enn borist frá þeim.

Ákveðið að vísa í vinnuhóp sem skili tillögu að umsögn fyrir næsta fund.

3. ÁP kynnti stöðu ráðstefnu Siglingaráðs á alþjóðasiglingadaginn þann 26. september n.k. „Empowering women in the the maritime community“. Nefndin; HS, ÓR og ÁP hafa hist einu sinni og er undirbúningi fram á haustið nánast lokið. Eftir á að finna lokaheiti en markmiðið er að kynna stöðu og vera um leið hvatning til að fjölga konum á sjó. Er óskað eftir góðum hugmyndum um yfirskrift en vinnuheitið er „Konur og sjósókn“. Ráðstefnan verður í Kaldalóni í Hörpu og hefst kl. 13 á ávarpi forseta Íslands (til vara forsetafrúar) þá taka við erlendu fyrirlesararnir Margaret Willson og Joanna Nunan, þar á eftir taka við 4 íslenskar konur með reynslu af sjómennsku. Ráðuneytisstjóri verður fundarstjóri og ráðherra slítur. Rætt var um kynningu – og bauð Samgöngustofa fram aðstoð sína við kynningarmál.
4. Sjómannadagur – kynningarmál og N4
 - a. Sjómannadagur. Auglýsingar verða með hefðbundnum hætti í sjómannadagsblöðum – sömu áherslur og síðast. Viðtal við ÁP varaformann um mikilvægi sunds og sundkennslu. Stefnt að umræðuþætti N4 um öryggi sjófarenda – óskað eftir tillögum að viðmælendum: HS býður sig fram. ÁP sendir stuttmyndir N4 til ráðsmanna – óskað eftir ábendingum eða samþykki.
5. HTW6, fundur IMO um mannlegu þættina í siglingaöryggismálum sem HS og MDB sóttu í London ásamt Vilbergi Magna skólastjóra skipstjórnar í Tækniskólanum.
 - 5.1. (STCW-F). Athugið skjölin voru send í tp fyrir fundinn.
 - a. Rætt um STCW „ The International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel“. Tillögur um að færa nær STCW samþykktinni sem gildir um kaupskip en það er í samræmi við kröfur sem gilda hér á landi. Áherslur Íslands hafa verið á að færa nær STCW samþykktinni og nær því sem þekktist hér á landi. Fulltrúar Íslands tóku virkan þátt í vinnuhóp og gekk vel. MDB og HS komu sérstaklega inn á eftirfarandi fundarskjöl:
 - b. 6/6/1, Lögræðileg ráðgjöf lagaskrifstofu IMO um „Limited waters“ (Afmörkuð hafsvæði). Í stuttu máli er niðurstaðan sú að skilgreiningin á hugtakinu er í höndum aðildarríkjanna en hafa í huga að fara ekki gegn öðrum alþjóðasamningum eða réttindum annarra ríkja. Í vinnuhópnum var þessu vel tekið en ákveðið að hrófla ekki við skilgreiningu samþykktarinnar.
 - c. Með skjölum 6/6/2 og 6/6/3 er fjallað um skírteinaútgáfu og kröfur. Lagt til að kröfurnar og framsetningin verði líkari því sem þekktist í STCW. Um leið væri verið að færa kröfurnar nær því sem við þekkjum og þykir eðlilegt.
 - d. Í skjali 6/6/4 eru lagðar til endurskoðun á ákveðnum þáttum í á grunnöryggisþjálfun fyrir sjómenn á fiskiskipum. Grunn- öryggisfræðslan hér á landi er sú sama fyrir fiskiskip og önnur skip.
 - e. Í skjali 6/6/5 er gerð tillaga um að setja upp sameiginlegan hóp IMO og ILO til að vinna leiðbeiningar um læknisskoðun fiskimanna. Erum með STCW kröfuna um viðurkennda lækna fyrir farmenn á farþega og flutningaskip. Til framtíðar kemur krafan á alla.
 - f. Í skjali 6/6/6 er lagt til að jafna brúttótonnum við tiltekna lengt skipa. Það er vel þekkt áskorun að asíuflotinn er öðruvísi byggður, þ.e. skipin eru gjarnan lengri og mjórri. Japanir lögðu fram ákveðna kosti en að lokum var í vinnuhópnum samþykkt að hafa jafngildisákvæði og að notast við viðmið Torremolinos samþykktarinnar þar sem þegar er fyrir hendi jafngildisákvæði og það væri óþarfi að „finna upp hjólið“.
 - g. Þá var áfram til umræðu leiðsögn með himintunglum „celestial navigation“. Þ.e. notkun á sextant og stöðutaka með því að nota stjörnurnar. Ísland, ásamt fleiri, s.s. Spáni, Kanada, Danmörku, Noregi ofl. vildu fjarlægja kröfuna enda úrelt og úr sér gengin og mikilvægt að

rýma til í námskránni fyrir annað mikilvægara t.d. í ljósi tækninýjunga. Á fundinum var ákveðið að halda kröfunni inni og vinnuhópnum gert að útfæra það nánar. Gerð var tillaga um að færa kröfuna í B hluta kóðans, þ.e. yrði valkvæð. Verður áfram til umræðu á HTW7.

5.2. Rafræn skírteini

Í Kína lagði fram skjal 6/9 þar sem varpað er ljósi á helstu áskoranir við rafræn skírteini. Helst að - Gerð gagnanna eru fjölbreytileg (gögn geymd á rafrænu formi / útprentuð afrit / veftenglar), - Yfirvöld gefa út ólíka staðla vegna útgáfu og stjórnunar rafrænu skilríkjanna, - Hafnarrikiseftirlitsmenn gætu efast um lögmæti mismunandi gerða skilríkja Rússland lagði fram skjal 6/9/1 sem eru athugasemdir um skjal 6/9 þar sem lagt er til að komið verði á fót vinnuhóp sem skoði hvernig bregðast megi við áskorunum í tengslum við rafræn skírteini sem myndi leggja fram skýrslu fyrir HTW7.

Danir eru komnir hvað lengst í notkun rafrænna skírteina og tala mikið fyrir því að önnur ríki flýti innleiðingu á notkun þeirra. Á Íslandi er umræðan á byrjunarreit en ljóst að rafræn skírteini munu verða ráðandi þegar litið er til framtíðar. Við höfum ekki tók á að taka þátt í þessari vinnu en þurfum að fylgjast með umræðum og þróun á alþjóðavettvangi.

5.3. Endurskoðun STCW samþykktarinnar

Síðustu endurskoðun STCW samþykktar lauk árið 2010 með “Manila breytingunum”.

Hagsmunaaðilar eru þegar byrjaðir að kalla eftir endurskoðun enda gerir efni samþykktarinnar ekki ráð fyrir ýmsum tækninýjungum sem hafa orðið frá 2010. IMO er nú að taka fyrstu skrefin við aðra heildarendurskoðun en ljóst er að henni myndi ekki ljúka fyrr en í fyrsta lagi 2030.

5.4. Notkun froðu við þjálfun

STCW og STCW-F samþykktirnar gera ráð fyrir að nemendur séu sendir í gegn um froðufyllt rými óvarða. Það er hættulegt og tíðkast ekki að gera það í framkvæmd hér á landi. Gerð hefur verið athugasemd við það í alþjóðlegum úttektum. Ísland hefur verið að vinna að því að fá kröfunni breytt í alþjóðsamþykktunum.

6. Önnur mál

- a. Lyfjakistan, læknahópur er að ljúka störfum. Framlag þeirra verður síðan innlegg í endurskoðun reglugerðar. Ath. ný lækningarhandbók er í smíðum undir yfirstjórn Dana og verður grunnur við endurskoðun okkar.
- b. Gátlisti fyrir smábáta – kominn á nokkrar vefsíður – vel tekið, engar kvartanir.
- c. Þyrlumyndbandið – tafir þar sem nýju þyrlurnar eru ekki alveg komnar í gagnið og sá sem heldur utan um verkefnið er í fæðingarorlofi. Verður lokið á árinu.
- d. Þessi sjómanna dagur er sá þriðji í samfellu án banaslyss á sjó (síðasta varð í máí 2016). Frá 2008 hafa 5 ár verið án banaslysa. Höldum fræðslu og áróðri áfram, hvergi slaka á. Góður árangur en margar ástæður; Kvótakerfi, breytt kvótaár, 12 daga reglan og fræðsla !
- e. Ábending ÖP Landsamband smábátasjómannanna – vekur athygli á röðun báta við bryggjur – hafa ber í huga stærð. Samþykkt að senda ábendingu frá Siglingaráði á Hafnasambandið og biðja um að vekja athygli hafnarstjóra á mikilvægi aðkomu smábáta að bryggjum.

7. Næsti fundur verður fimmtudaginn 20. Júní kl. 11 – er jafnframt síðasti fundur fyrir sumarleyfi Til skoðunar fyrir næsta fund Verklagsreglur vegna elds í skipum var frestað til næsta fundar.

Kynning á rafrænum skírteinum

Áp og IV rituðu fundargerð, með aðstoð frá MDB.